

Fundur í stjórn foreldrafélagsins 7. maí 2014

mættir: María Vald., María Jónasar., Kristbjörg, Magda, Karin Rut, Edda, Jóhanna María, Birgitta, Guðmundur Lár., Helga Sveins.

1. Formaður þakkaði þeim sem stóðu að hlaupinu á sumardaginn fyrsta. Það tókst vel í alla staði.
2. Menningarferð og skíðaferð 5. og 7. bekkja gengu mjög vel og gekk fjáröflun vonum framar hjá báðum hópum.
3. Minnst á slysaættu trampolína, hjóla og annarra tækja sem geta valdið hættu. Talað um að gott væri ef lögreglan kæmi og færi yfir hjálmanotkun, hvar má hjóla osfrv. Ákveðið biðja Gunnar að hafa samband við lögregluna og athuga hvort þeir gætu komið.
4. Helga sagði frá útivistardögum og að leitað verði til foreldra með keyrslu á þá staði sem ætlunin er að fara á. Jóhanna sagði frá söng- og leiklistarnámskeiði sem verður haldið hér í Hólminum í júní fyrir 8 – 15 ára krakka.
5. Ákveðið að formaður stjórnarinnar mæti á fyrsta fund nýrrar stjórnar á komandi skólaári og geri grein fyrir störfum síðasta vetrar.

Fundi slitið kl. 18:35

Helga Sveinsdóttir ritari